

Ú R S K U R Ð U R

Héraðsdóms Reykjavíkur 7. apríl 2010 í máli nr. E-11725/2009:

A og

B

(Steinn Finnbogason hdl.)

gegn

íslensku þjóðkirkjunni og

C

(Hilmar Gunnarsson hdl.)

Mál þetta, sem tekið var til úrskurðar 23. mars síðastliðinn, var höfðað 6. október 2009 af A, persónulega og fyrir hönd ólögráða dóttur sinnar, B, bæði til heimilis að ..., gegn íslensku þjóðkirkjunni, Biskupsstofu, Reykjavík, og C,

Kröfur stefnenda í málinu, eins og þeim var breytt með bókun í þingbók 23. mars sl., eru þessar:

1. Að viðurkennt verði að skírnarsáttmáli dagsettur ... 2008 milli íslensku þjóðkirkjunnar, C og stefnanda hafi ekki tekið gildi. Til vara er þess krafist að sami löggerningur verði ógiltur með dómi.
2. Að stefnda, íslenska þjóðkirkjan, ógildi færslu nr. ..., um skírn B, úr kirkjubók ...kirkju. Til vara er þess krafist að stefnda, íslenska þjóðkirkjan, birti dómsorð í málinu við færslu nr. ... í kirkjubók ...kirkju.
3. Að viðurkennd verði bótaskylda stefndu, íslensku þjóðkirkjunnar, gagnvart stefnendum vegna skírnar B ... 2008. Telji dómurinn tjón stefnenda ekki sannað eða bótaskylda ekki fyrir hendi af öðrum sökum kefjast stefnendur þess að dómsorð gangi skemur og að viðurkennt verði að sá réttur, sem stefnanda sé tryggður með 4. mgr. 18. gr. alþjóðasamnings um borgaraleg og stjórnmalaleg réttindi, hafi ekki verið virtur.
4. Til þrautavara er þess krafist að viðurkennt verði að óheimilt hafi verið að skíra B ... 2008.
5. Krafist er að stefnda, íslenska þjóðkirkjan, greiði málskostnað stefnenda að skaðlausu ásamt virðisaukaskatti.

Af hálfu stefndu, íslensku þjóðkirkjunnar, er þess aðallega krafist að dómkröfum stefnenda verði vísað frá dómi. Til vara er krafist sýknu af öllum kröfum stefnenda. Í báðum tilvikum er krafist málskostnaðar.

Af hálfu stefndu, C, hefur ekki verið sótt þing og engar kröfur hafa komið fram í málinu af hennar hálfu.

Úrskurðurinn er kveðinn upp til úrlausnar á frávísunarkröfu stefndu, íslensku þjóðkirkjunnar. Í þessum þætti málsins krefst stefnda, íslenska þjóðkirkjan, að málinu verði vísað frá dómi og málskostnaðar að mati dómsins. Af hálfu stefnenda er þess krafist að frávísunarkröfunni verði hafnað og að málið verði tekið til efnislegrar meðferðar. Stefnendur telja að vísa beri málskostnaðarkröfu stefndu frá dómi án kröfu, en verði það ekki gert er þess krafist að málskostnaður verði látinn niður falla. Við munnlegan málflutning um frávísunarkröfuna var því lýst yfir af hálfu stefndu, íslensku þjóðkirkjunnar, að ekki væri gerð krafa um málskostnað á hendur stefnanda B sem sé ólögráða. Málið hafi verið höfðað að ástæðulausu og beri að ákveða málskostnað úr höndum stefnanda A með tilliti til þess.

Yfirlit málsatvika og ágreiningsefna

Stefnandi B var skírð af séra S ... 2008 í ...kirkju. Hún er dóttir stefnanda A og stefndu C. Stúlkan er fædd ... 2000 og var því sjö ára þegar skírnin fór fram. Foreldrarnir fara sameiginlega með forsjá stúlkunnar, en hún býr hjá stefnanda A í ... og hefur lögheimili þar. Stúlkan var í helgarheimsókn hjá móður sinni á ... þegar skírnin fór fram.

Samkvæmt þjóðskrá hefur stefnandi B verið skráð í kaþólsku kirkjuna fá fæðingu. Fram hefur komið að móðir hennar hafi verið skráð þar, en samkvæmt 2. mgr. 8. gr. laga um skráð trúfélög nr. 108/1999 skal barn frá fæðingu talið heyra til sama skráða trúfélags og móðir þess. Stefnandi A kveðst vera skráður utan trúfélaga. Þegar skírnarathöfnin fór fram lá ekki fyrir samþykki hans fyrir henni.

Með erindi til Úrskurðarnefndar þjóðkirkjunnar 19. febrúar 2008 fór stefnandi A fram á að nefndin staðfesti að presturinn, sem skýrði stúlkuna, hefði brotið á rétti hans og/eða barnsins, úrskurði skírninga marklausa og/eða óleyfilega og grípi til viðeigandi úrræða gagnvart prestinum. Með úrskurði 7. júlí sama ár var þessum kröfum hafnað ásamt þeirri kröfu, sem fram hafði komið undir meðferð málsins hjá nefndinni, að viðurkennt yrði að stefnandi A ætti bótakröfu á hendur þjóðkirkjunni vegna skírningarinnar á grundvelli reglna um húsbóndaábyrgð.

Stefnandi A skaut úrskurðinum til áfrýjunarnefndar þjóðkirkjunnar með bréfi 26. júlí s.á. Með úrskurði nefndarinnar var talið að séra S hefði ekki breytt siðferðilega rétt í skilningi 1. mgr. 12. gr. laga nr. 78/1997 um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar þegar hann skírði dóttur málsaðila ... 2008. Staðfest var ákvörðun úrskurðarnefndar þjóðkirkjunnar um að hafna kröfu kæranda um að grípa til viðeigandi úrræða gagnvart prestinum. Kröfum um að skírningur yrði úrskurðaður

marklaus eða óleyfileg eða að stefnandi A ætti bótakröfu á hendur þjóðkirkjunni vegna skírnarinnar var vísað frá nefndinni.

Í þessum þætti málsins er deilt um það hvort lög og landsréttur taki til sakarefnisins, hvort stefnendur hafi lögvarða hagsmuni af úrlausn dómsins um kröfur þeirra í málinu og hvort kröfur stefnanda og lagalegur grundvöllur þeirra sé nægilega reifaður í málatilbúnaði þeirra.

Málsástæður og lagarök stefndu, íslensku þjóðkirkjunnar

Frávísunarkrafan er studd þeim rökum að stefnendur hafi enga lögvarða hagsmuni af því að fá úrlausn dómsins um kröfur þeirra í málinu. Engin réttaráhrif væru af því að leyst verði úr því fyrir dómnum hvort skírnersáttmálinn væri í gildi eða ekki, en lög og landsréttur taki ekki til sakarefnisins. Þá sé skaðabótakrafa stefnanda vanreifuð. Hvorki sé sýnt fram á tjón né nægilega reifað hver sé grundvöllur miskabótakröfunnar. Stefnandi A vísi til tekjumissis án þess að gerð sé grein fyrir tekjum eða öðru sem skipti máli í því sambandi. Þá væri heldur ekki um að ræða bótaskylda háttsemi eða að tjón hefði orðið.

Kröfugerð stefnanda uppfylli ekki kröfur 1. mgr. 80. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91/1991. Kröfur stefnanda væru ósamrýmanlegar þar sem ekki væri hægt að verða við þeim öllum samtímis. Kröfugerðin væri heldur ekki nógu ákveðin og skýr svo unnt verði að fella efnisdóm á hana. Stefnandi geti ekki krafist þess að hin umdeilda skírni hafi „*ekki tekið gildi*“, annars vegar, og krafist skaðabóta úr hendi stefnda vegna skírnar dóttur hans, hins vegar.

Dómurinn geti ekki viðurkennt „*að skírnersáttmáli [B] hafi ekki tekið gildi*“ eða orðið við varakröfu stefnanda um að „[...] *sami löggerningur verði ógiltur með dómi*“, þar sem lög og landsréttur taki ekki til slíkra dómkrafna. Dómkröfum stefnanda beri því að vísa frá dómi *ex officio* með vísan til 24. gr. laga um meðferð einkamála. Hæstiréttur hafi tvívegis komist að þeirri niðurstöðu, sbr. dóm Hæstaréttar í máli nr. 34/1965 og í máli nr. 9/1968, að dómstólar séu ekki bærir til að rifta skírni, en báðum málunum hafi verið vísað frá dómi á þeim grundvelli að sakarefnið ætti ekki undir dómstóla. Engar breytingar hafi verið gerðar á lögum eftir að dómarnir féllu sem heimili dómstólum að víkja frá þessum fordæmum eða hrófla við kirkjulegum athöfnum. Stefnandi hafi heldur ekki lögvarða hagsmuni af því að fá hina umdeildu skírni fellda úr gildi. Samkvæmt grundvallarreglu réttarfars þurfi málsaðili að hafa lögvarða hagsmuni af dómsniðurstöðu þannig að hún hafi áhrif á réttarstöðu hans að lögum. Skírni stúlkunnar hafi ekki leitt sjálfkrafa til aðildar hennar að stefndu, íslensku þjóðkirkjunni, þar sem barn fylgi trúfélagsskráningu móður, sbr. 2. mgr. 8. gr. laga nr. 108/1999. Stefnandi A sé heldur ekki lagalega skylt að ala dóttir sína upp í ljósi fyrirheitis skírnarinnar. Hann hafi því ekki lögvarða hagsmuni af dómkröfunni og þess vegna beri að vísa henni frá dómi.

Dómkrafa stefnanda A um að stefnda ógildi færslu nr. ... um

skírnina úr Kirkjubók ...kirkju sé ekki dómhæf þar sem engin lagaskilyrði séu fyrir því. Í hverju prestakalli skuli sóknarprestur færa kirkjubók um það sem gerist í viðkomandi prestakalli og skuli bókin rituð greinanlega og án nokkurra undanfellinga, sbr. 1. gr. laga nr. 3/1945. Stefnda sé enn fremur óheimilt að ónýta skjöl samkvæmt 7. gr. laga nr. 66/1985 nema gegn heimild Þjóðskjalasafns Íslands. Því sé augljóst að umrædd krafa sé ekki dómhæf. Varakrafa stefnda, um að stefndi „*birti dómsorð í málinu við færslu nr. ... í Kirkjubók ...kirkju*“, sé heldur ekki dómhæf, enda skorti lagaheimild fyrir því að niðurstöður dómstóla séu birtar í kirkjubókum.

Stefndi krefjist frávísunar á þeirri dómkröfu stefnanda að „[...] *viðurkennd verði bótaskylda stefndu, íslensku þjóðkirkjunnar, gagnvart stefnendum [...]*“. Samkvæmt dómafordæmum Hæstaréttar Íslands um beitingu 2. mgr. 25. gr. laga um meðferð einkamála nái krafa um viðurkenningu á bótaskyldu einungis fram að ganga ef sýnt er fram á tjón. Stefndandi leggi ekki fram gögn til stuðnings því að hann hafi orðið fyrir tjóni vegna skírnar dóttur hans heldur vísi til þess að hann muni leggja fram gögn um tjónið við meðferð málsins. Í stefnu sé ekkert fjallað um ófjárhagslegt tjón stefnanda, hvaða röksemdir stefndandi telji vera fyrir því að honum verði bætt ófjárhagslegt tjón eða við hvaða lagaheimild sú krafa styðjist. Málalíbúnaður stefnanda varðandi viðurkenningarkröfuna fullnægi því ekki skilyrðum 1. og 2. mgr. 25. gr. laga um meðferð einkamála og fari í bága við d- og e-liði 1. mgr. 80. gr. laganna. Auk þess sé útilokað að stefndi geti gripið til

fullnægjandi varna vegna skaðabótakröfu stefnanda þar sem engin gögn liggi fyrir um tjónið.

Málsástæður og lagrök stefnanda

Af hálfu stefnanda er því haldið fram að þeir hefðu lögvarða hagsmuni af úrlausn um dómkröfur sínar í málinu. Enn fremur er því haldið fram af þeirra hálfu að sett lög gildi um sakarefnið.

Réttindi sem stefnendum séu tryggð í íslenskum lögum og alþjóðlegum sáttmálum hafi verið virt að vettugi af stefndu. Réttur stefnanda A sem foreldris dóttur sinnar hafi verið brotinn og réttindi og skyldur sem lagðar séu á hann í þeirri stöðu hafðar að engu. Þá hafi tjáningarfrelsi hans og trúfrelsisréttur þeirra verið brotinn svo og réttur þeirra beggja til friðhelgi einkalífs, heimilis og fjölskyldu. Hið stefnda félag heyrir undir opinbert vald og hafi í sinni þjónustu þann opinbera starfsmann sem hafi virt framangreind réttindi og skyldur að vettugi. Stefnandi byggir einnig á ábyrgð hins stefnda félags á skuldbindingum íslenska ríkisins samkvæmt alþjóðlegum samningum gagnvart einstaklingum.

Skírnarsáttmáli sé löggerningur milli foreldra eða forráðamanna barns annars vegar og hins stefnda félags hins vegar. Með sáttmálanum, sem oftast sé gerður að vilja og vali þeirra sem fari með forsjá barns, sammælist þeir um að veita barninu uppeldi í samræmi við lífsskoðun hins stefnda félags. Með sáttmálanum hafi foreldrar eða forráðamenn, sem annist uppeldi barns, skuldbundið sig til þess að ala barnið upp í þeirri trú að lífsskoðanir hins stefnda félags séu hinar einu og bestu. Barnið hafi með skírnarsáttmála verið gert að lærisveini guðs hins stefnda félags og falið þeim guði. Sem slíkum beri foreldrum, embættismönnum stefnda og söfnuði stefnda að kenna skírðum börnum að halda allt sem hinn eingetni sonur guðsins hafi boðað.

Skírn sé ógildanleg embættisathöfn. Dómurinn hafi vald til að taka afstöðu til þess hvort reglur hafi verið brotnar og hvort skilyrði hafi verið uppfyllt til að skírnin mætti fara fram. Stefnandi sé forráðamaður dóttur sinnar sem hafi verið skírð án samráðs við hann. Barnið hafi lögheimili hjá honum og hann beri ábyrgð á siðferðislegu og trúarlegu uppeldi þess og þroska. Um þetta hafi embættismanni stefnda verið kunnugt þegar hann hafi skuldbundið stefnanda með löggerningi um dóttur hans. Óumdeilt sé að stefnandi hafi ekki borið barn sitt til skírnar til embættismannsins eða viljað helga það þeim guðum sem hið stefnda félag aðhyllist. Þá sé óumdeilt að stefnandi hafi aldrei gefið til kynna að hann vilji ala dóttur sína upp í anda Jesú Krists og í trú á hann frekar en aðra. Þvert á móti hafi embættismanninum verið kunnugt um að stefnandi aðhylltist ekki lífsskoðanir félagsins. Stefnanda sé rétt og skylt að veita barni sínu það uppeldi sem samræmist hans sannfæringu. Stefnanda beri skylda til að annast barn sitt, sýna því umhyggju og virðingu og gegna forsjár- og uppeldisskyldum sínum svo sem best henti hag barnsins og þörfum, sbr. 1. mgr. 28. gr. barnalaga nr. 76/2003, einnig 1. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002. Í 4. mgr. sömu greinar barnalaganna sé kveðið á um rétt stefnanda og skyldu til að ráða persónulegum högum barnsins.

Í 1. mgr. 64. gr. stjórnarskrárinnar sé kveðið á um að enginn megi neins í missa af borgaralegum og þjóðlegum réttindum fyrir sakir trúarbragða. Þá sé stefnanda tryggður réttur í 63. gr. til að iðka trú sína í samræmi við sannfæringu sína. Í þessum réttindum felist frelsi hans og réttur til að tryggja trúarlegt og siðferðislegt uppeldi barns síns í samræmi við sannfæringu hans. Samkvæmt 4. mgr. 18. gr. alþjóðasamnings um borgaraleg og stjórnómálag réttindi nr. 10/1979 sé hið stefnda félag skuldbundið til að virða frelsi foreldra til þess að ábyrgjast trúarlegt og siðferðislegt uppeldi barna þeirra í samræmi við þeirra eigin sannfæringu. Í þessu felist skylda til þess að virða rétt hans til þess að ábyrgjast trúarlegt og siðferðilegt uppeldi dóttur sinnar í samræmi við hans eigin sannfæringu óháð því hver sannfæring hins stefnda félags sé. Hið stefnda félag hafi sem opinber stofnun ekki fullnægt skuldbindingum sínum samkvæmt samningnum sem leiði til þess að réttindi stefnanda hafi verið brotin og frelsi skert. Stefnandi hafi haft í hyggju að sinna skyldu sinni og nýta rétt sinn til þess að leiðbeina barni sínu um rétt þess til skoðanafrelsis og trúfrelsis. Hið stefnda félag hafi gert honum ókleift að sinna skyldu sinni og nýta þann rétt sem honum sem foreldri sé veittur. Þannig hafi hið stefnda félag vanvirt skyldu hans til að veita barni sínu leiðsögn við að beita rétti sínum á þann hátt sem samræmdist vaxandi þroska þess, sbr. 2. mgr. 14. gr. barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna.

Stefnandi og móðir barnsins fari sameiginlega með forsjá dóttur sinnar. Í sameiginlegri forsjá felist réttur beggja foreldra til að ráða persónulegum högum barnsins, sbr. 4. mgr. 28. gr. barnalaga. Stefnandi og barnsmóðir hans hafi ákveðið samkvæmt 2. ml. 1. mgr. 31. gr. sömu laga að dóttir þeirra skyldi hafa lögheimili hjá stefnanda og þar með að jafnaði fasta búsetu hjá honum. Uppeldisskyldur og umönnun foreldra hvíli því að verulegu leyti á stefnanda. Lög kveði ekki á um það hvort heimilt sé að aðeins annað af tveimur forsjáforeldrum láti trúfélag skíra barn. Þó sé óheimilt að skíra barn nema sú ákvörðun sé tekin sameiginlega af foreldrum sem fari með sameiginlega forsjá.

Stefnandi byggi með lögjöfnun á 3. mgr. 8. gr. laga um skráð trúfélög en þar sé kveðið á um það að ef foreldrar fari saman með forsjá barns taki þeir ákvörðun sameiginlega um inngöngu barnsins eða úrsögn þess úr trúfélagi. Með lögjöfnun megi beita þessu ákvæði um ákvörðun um skírn trúfélags, enda veiti skírn og skráning í þjóðskrá aðild að hinu stefnda félagi samkvæmt 3. mgr. 1. gr. laga nr. 78/1997.

Opinberum embættismanni hins stefnda félags hafi borið að taka mið af framangreindum lagaákvæðum og afla samþykkis beggja foreldra barnsins áður en það var skírt. Hann hafi vanrækt skyldur sínar með stórfelldum hætti enda hafi vanrækslan leitt til brota á mikilvægum réttindum stefnanda. Hið stefnda félag beri ábyrgð á vanrækslu embættismannsins og sé því bótaskyld gagnvart stefnendum á grundvelli reglna skaðabótaréttar um vinnuveitendaábyrgð.

Vegna skírnar til trúarbragða hins stefnda félags hafi barnið misst sinn borgaralega og þjóðlega rétt til uppeldis og trúar samkvæmt eigin sannfæringu. Barnið hafi hvorki haft aldur né þroska til þess að iðka trú og taka ákvörðun um eigin trú á grundvelli eigin sannfæringar. Af þeim sökum sé rangt að stefnandi sem uppeldis foreldri geti verið skuldbundinn gegn eigin sannfæringu til þess að ala barnið upp samkvæmt þeirri trú er hið stefnda félag aðhylltist. Stefnanda beri skylda til að

veita barninu hlutlaust trúarlegt uppeldi samkvæmt 1.-3. mgr. 28. gr. barnalaga, sbr. 63.-64. gr. stjórnarskrárinnar, svo að það geti valið trú samkvæmt eigin sannfæringu þegar það hafi þroska og aldur til, sbr. 6. mgr. 28. gr. barnalaga. Barnið hafi verið svipt þeim rétti sem felist í framangreindri skyldu stefnanda.

Hið stefnda félag og hinn opinberi embættismaður, er framkvæmdi skírninga, hafi ekki virt rétt barnsins til frjálsrar hugsunar, sannfæringar og trúar sem leiði af rétti og skyldu stefnanda til að veita barninu leiðsögn og leiðbeina því um rétt þess til skoðanafrelsis og trúfrelsis, sbr. 1. og 2. mgr. 14. gr. barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna.

Með löggerningi hins stefnda félags hafi stefnandi verið skuldbundinn til þess að ala dóttur sína upp samkvæmt þeirri trú er hið stefnda félag aðhyllist. Stefnandi telji þetta andstætt tjáningarfrelsi hans og trúfrelsi samkvæmt 73. gr. og 63. til 64. gr. stjórnarskrárinnar. Stefnandi telji að athafnir, sem felist í þeirri skyldu sem hvíli á honum á grundvelli skírninganna, stangist á við skoðanir hans. Réttur hans til að taka ekki þátt í trúboðun hafi einnig verið verulega takmarkaður eins og hann hafi verið skilgreindur með dómaframkvæmd Mannréttindadómstóls Evrópu. Stefnandi vísi til reglna um friðhelgi einkalífs, heimilis og fjölskyldu. Réttur stefnanda til sambands og tjáskipta við dóttur sína hafi verið skertur í skilningi 1. mgr. 71. gr. stjórnarskrárinnar og 8. gr. mannréttindasáttmála Evrópu.

Gáleysi eða ásetningur embættismanns felist í því að honum hafi verið vel kunnugt um afstöðu stefnanda til lífsskoðana hins stefnda félags sem og að barnið væri dóttir stefnanda sem hefði lögheimili hjá honum. Embættismanninum hafi verið kunnugt um inntak skírningarsáttmálans, skuldbindingargildi sáttmálans og markmið hans. Þá hafi honum verið kunnugt um aldur og þroska barnsins og þar af leiðandi hæfi þess til að taka ákvarðanir um lífsskoðanir um uppeldi sitt og sambönd. Að síðustu hafi honum verið kunnugt um að barnið og móðir þess væru skráðir félagar annars trúfélags. Þrátt fyrir það hafi embættismaðurinn hvorki leitað eftir samþykki stefnanda né afstöðu hans sem föður barnsins áður en skírningarsáttmálinn var gerður. Embættismanninum hafi borið að líta til þess sem barninu væri fyrir bestu án þess að láta eigin sjónarmið um lífsskoðanir hafa áhrif á það mat. Í ljósi þeirrar áherslu, sem hið stefnda félag leggi á það að börn sem gerður hafi verið skírningarsáttmáli um, séu alin upp í trú á lífsskoðanir hins stefnda félags, verði ekki litið svo á að það hafi verið barninu fyrir bestu að gera skírningarsáttmála um uppeldi þess í andstöðu við föður barnsins. Embættismaður hins stefnda félags hafi með saknæmri háttsemi brotið gegn réttindum stefnanda og skert það frelsi sem þeim hafi verið veitt með tilvitnuðum ákvæðum stjórnarskrár, laga og alþjóðasáttmála.

Stefnandi telji réttaráhrif sáttmálans felast að miklu leyti í sannfæringu hins stefnda félags á skuldbindingargildi hans og ekki síst eilífleika og því geti þau réttaráhrif ekki verið felld niður með öðrum hætti en þeim að ógilda færsluna um sáttmálann.

Telji dómurinn sér einhverra hluta vegna ekki heimilt að kveða upp dóm um þá athafnaskyldu að ógilda færslu í kirkjubók þá krefjist stefnandi þess að hinu stefnda félagi verði gert að birta dómsorð málsins við umdeilda færslu kirkjubókar.

Stefnendur krefjist að bótaskylda hins stefnda félags verði viðurkennd og vísi til þess að réttindi stefnanda hafi verið brotin með saknæmum hætti. Stefnandi hafi

annars vegar orðið fyrir fjárhagslegu tjóni vegna tekjumissis við að halda fram rétti sínum einn og óstuddur og hins vegar ófjárhagslegu tjóni, en stefnandi hafi mátt þola mikið mótlæti og andúð vegna sannfæringar sinnar. Þá hafi stefnandi mætt miklu mótlæti vegna upplýsingabeidna og tilrauna sinna til sátta við hið stefnda félag. Sjálfsmynd stefnanda mótist að miklu leyti af afstöðu hans í trúmálum og því hafi brot hins stefnda félags og ekki síður viðbrögð starfsmanna félagsins við óskum hans, kröfum og rökum haft veruleg áhrif á andlegt heilbrigði stefnanda. Stefnandi muni færa frekari rök fyrir kröfu sinni um bótaskyldu við meðferð málsins fyrir dómi auk þess sem gögn verði lögð fram til sönnunar á tjóni stefnanda. Áskilinn sé réttur til dómkvaðningar matsmanns til mats á andlegum afleiðingum og áhrifum. Þá telji stefnandi dóttur sína hafa orðið fyrir tjóni vegna brota á mannréttindum hennar samkvæmt ofangreindu og sé bótaskylda gagnvart henni byggð á grundvelli þeirra brota. Stefnendur vísi bótakröfu sinni til stuðnings í skaðabótalög nr. 50/1993, meginreglur skaðabótaréttar og 41. gr. mannréttinasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994.

Verði tjón stefnanda talið ósannað eða bótaskylda ekki fyrir hendi af öðrum sökum krefjist stefnandi þess að dómsorð gangi skemur og viðurkennt verði, að sá réttur sem stefnanda sé tryggður með 4. mgr. 18. gr. alþjóðasamnings um borgaraleg og stjórnmalaleg réttindi, hafi ekki verið virtur. Stefnandi telji kröfuna gríðarlega mikil væga varakröfu í því skyni að gefa íslenskum stjórnvöldum kost á að skera úr um réttarstöðu stefnanda gagnvart samningnum vegna fyrirhugaðrar kæru stefnanda á grundvelli samningsins.

Niðurstaða

Dómstólar hafa vald til að dæma um hvert það sakarefni sem lög og landsréttur ná til nema það sé undanskilið lögsögu þeirra samkvæmt lögum, samningi, venju eða eðli sínu. Eigi sakarefnið ekki undir dómstóla ber að vísa því frá dómi, eins og fram kemur í 1. mgr. 24. gr. laga um meðferð einkamála. Dómstólar verða ekki krafðir álits um lögfræðileg efni eða hvort tiltekið atvik hafi gerst nema að því leyti sem nauðsynlegt er til úrlausnar um ákveðna kröfu í dómsmáli, sbr. 1. mgr. 25. gr. sömu laga. Samkvæmt 2. mgr. sömu lagagreinar getur sóknaraðili, sem hefur lögvarða hagsmuni af því að skorið sé úr um tilvist eða efni réttinda eða réttarsambands, leitað viðurkenningardóms um kröfur sínar í þeim efnunum. Kröfum og málsástæðum stefnanda þarf að lýsa í stefnu með skýrum og glöggum hætti samkvæmt d- og e-liðum 1. mgr. 80. gr. laganna. Öll þessi skilyrði þurfa að vera fyrir hendi til að kröfur í dómsmáli verði teknar til efnislegrar málsmeðferðar, ella verður að vísa þeim frá dómi.

Stefnendur leita í fyrsta lagi viðurkenningar á því að skírnarsáttmálinn sem um ræðir hafi ekki tekið gildi, en til vara er þess krafist að hann verði felldur úr gildi. Við úrlausn á því hvort þessi kröfugerð uppfylli skilyrðin, sem fram koma í reglum samkvæmt framangreindum lagaákvæðum, verður óhjákvæmilega að leysa úr því hvort skírnarsáttmálinn hafi í því samhengi sem hér um ræðir lagalegt skuldbindingargildi eða þýðingu að lögum.

Samkvæmt 5. gr. laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997 ræður þjóðkirkjan starfi sínu innan lögættra marka og samkvæmt 1. mgr.

20. gr. sömu laga hefur kirkjubing æðsta vald í málefnum þjóðkirkjunnar innan lögmaeltra marka. Í athugsemdum með lagafrumvarpi, sem varð að lögnum, kemur fram að niðurstaða nefndarinnar, sem samdi frumvarpið, hefði verið sú að rétt sé að þjóðkirkjan fái mun meira sjálfstæði á starfs- og stjórnunarsviði sínu en verið hafi um langa hríð, enda muni aukið sjálfstæði efla hana til starfa og átaka til aukins vel farnaðar með þjóðinni. Þá kemur þar einnig fram að þrátt fyrir þau tengsl sem hér væru milli ríkis og kirkju hefði íslenska þjóðkirkjan sjálfstæði í innri málum sínum, þ.e. hvað varðar guðþjónustuna, helgisiði, skírn, fermingu og veitingu sakramentanna.

Samkvæmt 3. mgr. 1. gr. sömu laga veitir skírn í nafni heilagrar þrenningar og skráning í þjóðskrá aðild að þjóðkirkjunni. Einnig kemur fram í 2. mgr. 49. gr. laganna að sóknarmenn eru allir þeir sem lögheimili eiga í sókn, hafa hlotið skírn og eru skráðir í þjóðkirkjuna. Í málinu liggur fyrir að stefnandi B er skráð í trúfélag móður sinnar samkvæmt 2. mgr. 8. gr. laga um skráð trúfélög nr. 108/1999. Þegar foreldrar fara saman með forsjá barns taka þeir ákvörðun sameiginlega um inngöngu barnsins í eða úrsögn úr skráðu trúfélagi samkvæmt 3. mgr. sömu lagagreinar. Lögin hafa engin önnur ákvæði um skírnina og fjalla ekki að öðru leyti um að hún hafi lagalegt skuldbindingargildi eða þýðingu að lögum. Önnur ákvæði í lögum, þar sem vísað er til skírnarinnar, hafa ekki þýðingu í því sambandi sem hér skiptir máli. Með þessu verður að líta svo á að lög og landsréttur taki almennt ekki og aðeins að takmörkuðu leyti til skírnarinnar. Engin fyrirmæli eru heldur í barnalögum eða barnaverndarlögum um skilyrði þess að barn verði skírt eða að skírnin hafi áhrif á foreldraskyldur eða réttarstöðu foreldra eða barna að því leyti sem hér skiptir máli. Verður því ekki fallist á að sýnt hafi verið fram á af hálfu stefnenda að með skírninni hafi verið lagðar aðrar skyldur á stefnendur eða lagalegar skuldbindingar en þær sem skilgreindar eru í lögum eða öðrum réttarheimildum og eiga við um réttindi og skyldur foreldra og barna, hvort sem barn hefur verið skírt eða ekki. Þar með er heldur ekki fallist á að réttindi stefnenda eða frelsi, sem þeir njóta samkvæmt stjórnarskrá, lögum eða alþjóðasáttmálum, hafi verið skert með skírninni. Rétturinn til að standa utan trúfélaga nýtur sérstakrar verndar stjórnarskrárinnar, sbr. 2. mgr. 64. gr. hennar, og um aðild að skráðu trúfélagi og um inngöngu og úrsögn úr skráðu trúfélagi og úrsögn úr þjóðkirkjunni gilda reglur 8. og 9. gr. laga nr. 108/1999 um skráð trúfélög. Hér getur því ekki átt við að beita lögjöfnun, á þann hátt sem haldið er fram af hálfu stefnenda að gera skuli, enda verður skírn, samkvæmt því sem að framan greinir, ekki jafnað við inngöngu í trúfélag.

Af öllu þessu verður ekki dregin önnur ályktun en sú að skírnin hafi ekkert lagalegt skuldbindingargildi eða þýðingu að lögum í því samhengi sem hér um ræðir. Með vísan til þess verður að telja að stefnendur hafi ekki sýnt fram á að þeir hafi lögvarða hagsmuni af úrlausn dómsins á viðurkenningarkröfunni um að skírnarsáttmálinn hafi ekki tekið gildi eða á þeirri kröfu að hann verði felldur úr gildi. Aðal- og varakröfu stefnenda um það er því vísað frá dómi samkvæmt 2. mgr. 25. gr. laga um meðferð einkamála.

Stefnendur krefjast þess að stefnda, íslenska þjóðkirkjan, ógildi færsluna um skírnina úr kirkjubók ...kirkju, en til vara að hún birti dómsorð í málinu við færsluna í kirkjubókina. Í stefnu kemur ekki fram á hvaða lagagrunni þessar kröfur eru reistar, en samkvæmt f-lið 1. mgr. 80. gr. laga um meðferð einkamála ber að greina eins glöggt og unnt er í stefnu tilvísun til helstu lagaákvæða eða réttarreglna

sem stefnandi byggir málatilbúnað sinn á. Þar sem þessu skilyrði er ekki fullnægt af hálfu stefnenda er kröfum þeirra, um ógildingu á færslu í kirkjubók en til vara að dómsorð verði birt við færsluna, vísað frá dómi.

Krafan um að viðurkennd verði bótaskylda stefndu, íslensku þjóðkirkjunnar, gagnvart stefnendum vegna skírnarinnar er studd þeim rökum að réttindi stefnenda hafi verið brotin með saknæmum hætti. Stefnandi A hafi annars vegar orðið fyrir fjárhagslegu tjóni vegna tekjumissis við að halda fram rétti sínum og hins vegar fyrir ófjárhagslegu tjóni. Hann hafi mætt miklu mótlæti þegar hann bað um upplýsingar og í tilraunum sínum til sátta við hið stefnda félag. Brot félagsins, og ekki síður viðbrögð starfsmanna þess við óskum hans, kröfum og rökum, hafi haft veruleg áhrif á andlegt heilbrigði stefnanda. Stefnandi B hafi orðið fyrir tjóni vegna brota á mannréttindum hennar og sé bótaskylda gagnvart henni byggð á grundvelli þeirra brota. Vísað er til meginreglna skaðabótaréttar og skaðabótalaga nr. 50/1993, einkum 2., 4. og 26. gr., og til 41. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994.

Með vísan til málatilbúnaðar stefnenda verður að telja að því sé hvorki nægilega lýst í stefnu hvernig tilvitnaðar lagareglur eigi við um bótakröfu þeirra né lagaskilyrðum fyrir því að um bótaskyld tjón geti verið að ræða vegna hinna meintu ólögsmætu athafna sem stefnendur lýsa. Er því ekki fullnægt skilyrðum e- og f-liða 1. mgr. 80. gr. laga um meðferð einkamála um skýra reifun á málsástæðum og réttarreglum sem málatilbúnaðurinn er byggður á. Af þeim sökum ber að vísa viður kenningarkröfu stefnenda, um bótaskyldu stefndu, íslensku þjóðkirkjunnar, frá dómi.

Af hálfu stefnenda er þess krafist, að verði tjónið ekki talið sannað eða bótaskylda ekki talin fyrir hendi af öðrum sökum, verði viðurkennt að sá réttur sem stefnanda sé tryggður með 4. mgr. 18. gr. alþjóðasamnings um borgaraleg og stjórnmalaleg réttindi hafi ekki verið virtur. Af hálfu stefnenda er vísað til þess að með þessari varakröfu sé íslenskum stjórnvöldum gefinn kostur á að skera úr um réttarstöðu stefnenda gagnvart samningnum vegna fyrirhugaðrar kærur stefnenda á grundvelli samningsins. Um þessa kröfu getur dómurinn ekki fjallað, en dómstólar verða ekki, eins og áður er komið fram, krafðir álits um lögfræðileg efni, eða hvort tiltekið atvik hafi gerst, nema að því leyti sem nauðsynlegt er til úrlausnar um ákveðna kröfu í dómsmáli, sbr. 1. mgr. 25. gr. laga um meðferð einkamála. Yfirlýstur tilgangur stefnenda með því að bera kröfuna upp fyrir dóminum breytir ekki því að þeir verða að hlíta hinum almennu reglum réttarfarslaga sem gilda um það hvort undir dóminn heyri að leysa úr sakarefninu. Krafa stefnenda, um að viðurkennt verði að réttur þeirra samkvæmt framangreindu ákvæði samningsins hafi ekki verið virtur, uppfyllir ekki þetta skilyrði réttarfarslaga og ber því að vísa kröfunni frá dómi.

Þrautavarakrafa stefnenda, um að viðurkennt verði að óheimilt hafi verið að skíra stefnanda B, er studd þeim rökum að stefnandi A hefði ekki veitt heimild fyrir því að skírinn færi fram. Hann vísar til lagaákvæða um inntak forsjár samkvæmt barnalögum og barnaverndarlögum. Þegar foreldrar fara sameiginlega með forsjá barns taka þeir eðli málsins samkvæmt sameiginlega ákvarðanir um málefni barnsins í samræmi við lögboðnar forsjárskyldur þeirra. Lagaákvæðin sem vísað er til fjalla þó ekki um að óheimilt sé að skíra barn þegar aðeins annar af tveimur forsjáforeldrum óskar eftir því eða veitir samþykki sitt til þess.

Með þrautavarakröfu stefnenda er krafist álits dómsins um þann lögfræðilega ágreining hvort óheimilt hafi verið að skíra stúlkuna án þess að fyrir liggi hvaða þýðingu það hefði að lögum fyrir réttarstöðu málsaðila að fá slíka úrlausn. Með vísan til þess og reglunnar í 1. mgr. 25. gr. laga um meðferð einkamála, sem þegar hefur verið lýst, um að dómstólar verði ekki krafðir álits um lögfræðileg efni nema að því leyti sem er nauðsynlegt til úrlausnar um ákveðna kröfu í dómsmáli, ber að vísa þrautavarakröfunni frá dómi.

Samkvæmt öllu framangreindu er máli þessu vísað frá dómi.

Málskostnaður verður ákveðinn samkvæmt 2. mgr. 130. gr. laga um meðferð einkamála, en ekki er ástæða til að vísa málskostnaðarkröfu stefndu frá dómi. Með vísan til þess ber stefnanda A að greiða stefndu, íslensku þjóðkirkjunni, málskostnað sem þykir hæfilega ákveðinn 200.000 krónur.

Úrskurðinn kveður upp Sigríður Ingvarsdóttir héraðsdómari.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Máli þessu er vísað frá dómi.

Stefnandi, A, greiði stefndu, íslensku þjóðkirkjunni, 200.000 krónur í málskostnað.